

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
b.t. Kristjónu Benediktsdóttur
nefndarsvid@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. P 141/1438
komudagur 8.2.2013

Selfossi, 8. febrúar 2012
Mast13010213

Efni; Athugasemdir Matvælastofnunar við frumvarpi til laga um náttúruvernd (heildarlög) 429. mál.

Ofangreint frumvarp felur í sér margvíslegar breytingar á gildandi náttúruverndarlögum og er talsvert umfangsmeira en gildandi lög. Matvælastofnun sér ástæðu til að gera athugasemdir við ákvæði um innflutning og dreifingu framandi lífvera og mótmælir sérstakleg fyrirhugaðri breytingu á lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins;

Hér er kveðið á um gildissvið laganna og að lögin breyti ekki tilteknum lagabálkum. Matvælastofnun telur að þarna þyrfti einnig að setja inn að lögin breyti ekki lögum nr. 85/2000 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Umrædd lög eru nátengd lögum um innflutning dýra enda vísað til þeirra þar.

Athugasemdir við XI. kafla; Framandi tegundir:

63. gr. frumvarpsins er svohljóðandi;

1. mgr. “Óheimilt er að flytja inn lifandi framandi lífverur nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Þetta gildir þó ekki um búfé eða framandi plöntutegundir sem ætlaðar eru til yl- eða garðræktar nema innflutningur sé bannaður samkvæmt reglugerð, sbr. 5. mgr. “.

i) Lifandi dýr og erfðaefni;

Matvælastofnun vill áréttta að í lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra kemur fram að óheimilt sé að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaefni þeirra. Um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu gilda lög nr. 85/2000, sbr. 1. mgr. 2. gr.

Undantekning frá þessari meginreglu kemur fram í 2. mgr. sömu greinar þar sem fram kemur að heimilt sé að flytja til landsins lifandi tiltekin eldisdýr að fengnum umsögnum Matvælastofnunar, fiskisjúkdómanefndar, Veiðimálastofnunar og erfðanefndar landbúnaðarins. Við innflutning skal framfylgja skriflegri staðfestingu Matvælastofnunar á að uppfyllt séu skilyrði samkvæmt ákvæðinu. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra getur að fengnum meðmælum Matvælastofnunar, vikið frá banni því sem um getur í 1. mgr. og leyft innflutning dýra og erfðaefnis, nema innflutning á gæludýrum og djúpfrystu svínasæði, sbr. 4. gr. laganna. Matvælastofnun getur leyft innflutning á gæludýrum og djúpfrystu svínasæði, sbr. 4. gr. a og 3. mgr. 13. gr.

Matvælastofnun telur í ljósi framangreinds að bæta þurfi við 1. mgr. 63. gr. að hún gildi ekki um búfé og erfðaefni þess, lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogn og svil, að meðtöldum dýrum sem lifa uppranalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, sbr. ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga um innflutning dýra.

63. gr. frumvarpsins er ekki ætlað að breyta 2. gr. laga um innflutning dýra og er því að mati Matvælastofnunar brýnt að áréttað sé sérstaklega í ákvæðinu að umsóknir um innflutning á lifandi dýrum sem falli undir ákvæði laga nr. 54/1990 skuli senda til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Þannig er gildissvið þessara tveggja lagabálka skýrt afmarkað og tryggt að markmið laga um innflutning dýra, þ.e. að verjast því að sjúkdómar berist til landsins, náist. Mat á slíkum umsóknum ræðst sem fyrr alfarið af þeirri smitsjúkdómahættu sem getur stafað af viðkomandi innflutning.

Í greinargerð frumvarpsins með 63. gr. eru valdheimildir Umhverfisstofnunar og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sérstaklega áréttaðar. Þar segir að reglan um leyfisskyldu vegna innflutnings lifandi framandi lífvera kunni að leiða til þess að í sumum tilvikum sé nauðsynlegt að afla tvenns konar leyfis til innflutnings dýra og plantna. Annars vegar samkvæmt ákvæðum laga nr. 54/1990 sem miða að því að koma í veg fyrir að dýra- og plöntusjúkdómar berist til landsins og hins vegar samkvæmt 63. gr. náttúruverndarlaga.

Að þessu sögðu leggur MAST til að 1. mgr. 63. gr. hljóði svona:

“Óheimilt er að flytja inn lifandi framandi lífverur nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Þetta gildir þó ekki um búfé og erfðaefni þess, lifandi fisk, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogn og svil, að meðtöldum dýrum sem lifa uppranalega villt en eru ætluð til eldis í eldisstöð, sbr. ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga um innflutning dýra eða framandi plöntutegundir sem ætlaðar eru til yl- eða garðræktar nema innflutningur sé bannaður samkvæmt reglugerð, sbr. 5. mgr. “

ii) Plöntur;

Enda þótt skýrt sé tekið fram í frumvarpinu að plöntutegundir sem ætlaðar til yl-og garðræktar séu undanskildar innflutningsbanninu þá telur Matvælastofnun að ekki verði séð að um skýrt afmarkaðan hópa plöntutegunda sé að ræða.

Pannig megi nota sömu tegundina til garðræktar og skógræktar og dæmi séu um tegundir sem fluttar séu inn sem garðplöntur en vaxa síðan villtar í náttúrunni og geti orðið ágengar. Enda þótt örðugt sé að gera efnislegar athugasemdir við ákvæði fyrirhugaðrar reglugerðar þá má draga þá ályktun af frumvarpsdrögum að koma eigi á fót nýju plöntueftirliti hjá Umhverfisstofnun.

Matvælastofnun vill í því sambandi áréttta að stofnunin hefur annast plöntueftirlit með hliðsjón af plöntuheilbrigði og er sú opinbera plöntuverndarstofnun sem skilgreind er í Alþjóðlegum samningi um plöntuvernd, IPPC (International Plant Protection Convention). Ísland gerðist aðli að þeim samningi árið 2005. Plöntueftirlit Matvælastofnunar hefur heimilað tollafhendingu við innflutning plantna. Af ákvæðum frumvarpsins má ráða að fyrirhugað sé að innflutningur plantna sé bæði undir eftirliti Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar. Slíkt kallar að mati Matvælastofnunar á óþarflega flókna og aukna stjórnáslu. Auk þess sem valdmörk beggja stofnana eru óljós.

Við innflutning plantna eða fræja til garðræktar er algengt að tegundir nemi nokkrum tugum eða hundruðum í hverri sendingu. Slíkur innflutningur verður torveldaður mjög ef ákvæði frumvarpsins ganga eftir þar sem krafist er leyfis fyrir hverri einstakri tegund.

Athugasemdir við 67. gr.;

67. gr. frumvarpsins kveður á um að ef ástæða sé til að ætla að framandi lífverur ógni líffræðilegri fjölbreytni og hafi veruleg áhrif á lífríkið geti Umhverfisstofnun, að fenginni umsögn sérfræðinganeftar skv. 4. mgr. 63. gr., gripið til aðgerða til að koma böndum á og hefta útbreiðslu þeirra eða uppræta þær. Aðgerðir skv. 1. mgr. geta ef nauðsynlegt er náð til þess að takmarka útbreiðslu ágengra framandi lífvera á eignarlöndum eða útrýma þeim.

Matvælastofnun bendir á að taka þurfi fram að 67. gr. frumvarpsins eigi ekki við um framandi lífverurvisem falla undir lög nr. 85/2000 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga um innflutning dýra nr. 54/1990. Markmið laganna er að vernda tegundir dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Í reglugerð settri á grundvelli laganna kemur fram að lifandi eintök sem gerð eru upptæk skulu endursend til upprunastaðar eða komið fyrir í viðurkenndum almenningsdýragarði. Ekki er heimilt að uppræta umrædd dýr eða plöntur.

Einnig telur Matvælastofnun að því er plöntur varðar að ofangreint ákvæði skarist að einhverju leyti við ákvæði laga nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum. Tilgangur þeirra laga er að tryggja sem best góða og heilbrigða ræktun plantna hér á landi og er atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra m.a. falið að gera varúðarráðstafanir og gefa út reglugerðir sem stuðla að því að koma m.a. í veg fyrir að hættulegir skaðvaldar berist til landsins og dreifist innanlands og útrýma skaðvöldum sem þegar hafa borist til landsins, sbr. 1. tl. 2. gr.. Ráðherra getur m.a. fyrirskipað eftirlit með innflutningi, útflutningi og dreifingu innanlands á öllum tegundum plantna, o.fl. sem getur borið sjúkdóma og meindýr á plöntur, sbr. a liður 3. gr.

Matvælastofnun leggst í ljósi framangreinds alfarið gegn þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru með 67. gr. Gangi umræddar breytingar í gegn er ljóst að mikil óvissa skapist um gildissvið laga laga nr. 51/1981 gagnvart lögum um náttúruvernd.

Athugasemdir við 2. tl. 97. gr.;

Greinin felur í sér breytingu á 5. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra, á þá leið að áður en leyfi sé veitt til innflutnings á nýjum dýrategundum eða erlendum stofnum tegunda sem hér eru fyrir skuli ráðherra afla umsagnar erfðanefndar landbúnaðarins. Til slíks innflutnings skal jafnframt afla leyfis Umhverfisstofnunar í samræmi við ákvæði 63. gr. laga um náttúruvernd. Núgildandi ákvæði kveður á um að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skuli afla umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, erfðanefndar landbúnaðarins og sérfræðinganeftdar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Matvælastofnun vísar í þessu sambandi til athugasemda sinna við 63. gr. frumvarpsins um að innflutningur dýra á grundvelli 2. gr. laga um innflutning dýra er alfarið á forræði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Sé um innflutning gæludýra eða djúpsfrysts svínasæðis þá er sá innflutningur á forræði Matvælastofnunar. Matvælastofnun telur að breytingar þær sem gerðar eru á 5. gr. laganna um að afla þurfi leyfis Umhverfisstofnunar í stað umsagnar, muni hafa í för með sér að valdheimildir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins svo og Matvælastofnunar hvað varði innflutning á gæludýrum og svínasæði, skerðist. Við innflutning dýra hefur á grundvelli laganna skapast ákveðið verklag sem hefur reynst mjög vel. Umrætt verklag er skilvirkt og hagkvæmt og að því koma helstu sérfræðingar landsins í dýrasjúkdómum. Við innflutning dýra er ávallt leitað umsagnar m.a. Umhverfisstofnunar og er með því tryggt að tekið sé tillit til sjónarmiða stofnunarinnar. Að leggja til að afla þurfi leyfis Umhverfisstofnunar er einungis til þess fallið að torvelða málsmeðferðina og skapa óvissu. Matvælastofnun telur enga þörf vera á þeim breytinganna á ákvæði 5. gr. laga nr. 54/1990 sem lagðar eru til og leggst því gegn þeim.

Virðingarfyllt,
F.h. Matvælastofnunar

Viktor S. Pálsson

